

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Hvítuborgir.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag í landi Hvítuborga, L218057. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda vegna reksturs verslunar og þjónustu innan svæðisins. Gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustuhúsa, starfsmannahúsa auk allt að 15 stakra gistihúsa sem hvert um sig mega vera allt að 90 fm að grunnfleti.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. febrúar 2023.

Deiliskipulagsbreyting, Nesjar í Grafningi, Illagil 17 og 19.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi vegna lóða Illagils 17 og 19. Í breytingunni felst breytt lega lóðamarka og byggingarreita.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. desember 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. febrúar 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 27. febrúar 2023